


Verk eftir fulltrúa Íslands, Helga Þ. Friðjónsson.

Helgi Friðjónsson sýnir í Feneyjum

27. maí síðastliðin var opnaður 44. myndlistartvíæringurinn í Feneyjum. Hverju sinni er ein aðalsýning á vegum tvíæringsins, auk sýninga í sérstökum þjóðarsýningarskálum. Að þessu sinni bar aðalsýningin yfirskriftina „Ambiant Berlin", og er það úttekt á þeirri list sem hefur verið að gerjast í Berlín-vestur og austur- undanfarin ár. Þá voru nokkrar merkar sýningar í tengslum við Feneyjartvíæringinn, þó svo að þær væru utan svæðisins.

Inni á sýningarsvæðinu eru 45 þjóðir með sérstaka sýningarskála.

Fulltrúi Íslendinga að þessu sinni er Helgi Þ. Friðjónsson. Sýning Helga vakti geysimikla athygli og seldust öll verk hans á fyrstu dögum sýningarinnar, þá hefur hann fengið tilboð um að sýna í Torino, Milano og fleiri borgum.

Gert er ráð fyrir að 300.000-400.000 manns sæki þessa stórbrotnu listsýningu.



Yfirlitssýning á höggmyndalist

Að Kjarvalsstöðum stendur yfir í öllu húsinu yfirlitssýning á íslenskri höggmyndalist fram til ársins 1950.

Á sýningunni eru verk eftir: Einar Jónsson, Ásmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Guðmund frá Miðdal, Ríkharð Jónsson, Magnús Á. Árnason, Nínu Sæmundsson og Martein Guðmundsson.


Þetta er fyrsta yfirlitssýning á íslenskum höggmyndum frá þessu tímabili.

Hver listamannanna á 4-5 verk á sýningunni, styttur eða lágmyndir. Allir eiga ofangreindir listamenn það sameiginlegt að hafa stundað einhvers konar nám erlendis. Þeir sökktu sér í ólíka menningarstrauma og snéru aftur heim með afar ólíkar hugmyndir um lífið og listina. Má fullyrða að allir þessir listamenn hafi, hver á sinn hátt, reynt að túlka íslenskan veruleika og íslenskar fyrirmyndir.

Sýningin er framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar.

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 11:00-18:00 og er veitingabúðin opin á sama tíma.

Um 300 nýir STORNO farsímar hafa selst á 8 vikum - það köllum við góð meðmæli



Vegna mikilla vinsælda nýju STORNO 440 farsímanna og hagstæðra innkaupa getum við boðið STORNO 440 farsíma í bíl á aðeins 83.788 kr. staðgreitt m. vsk og STORNO 440 bíla- og burðatæki á aðeins 99.748 kr. staðgreitt m. vsk.

1. SENDING UPPSELD
2. SENDING UPPSELD
3. SENDING UPPSELD
4. SENDING NÝKOMIN

Fyrstu sendingar seldust upp, en vegna frábærra viðtaka tókst okkur að fá enn eina sendinguna á þessu góða verði. Símarnir eru tilbúnir til ísetningar og innifalið í verðinu er móðurstöð, talfæri, bílloftnet, kaplar, hljóðnemi og hátalari fyrir handfrjálsa notkun.

STORNO farsímarnir eru v.-þýsk gæðavara og búa yfir öllum fullkomnustu eiginleikum farsíma og með STORNO 440 getur þú notað þjónustu tölvubanka og boðkerfisins.

Gríptu tækifærið því við eigum takmarkaðar birgðir af þessum vönduðu og ódýru farsímum. Komdu í söludeildir Pósts og síma og staðfestu pöntun hið fyrsta.

PÓSTUR OG SÍMI

Söludeildir í Kirkjustræti, Kringlunni, Ármúla 27 og á póst- og símstöðvum um land allt

Verð miðað við staðgreiðslu og gengi 28.5.1990.

GOTT FÓLK / SÍA 5500-148